

Samkomulag

Aðilar að samkomulagi þessu eru Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579 Strandgötu 6, Hafnarfirði og Knattspyrnufélagið Haukar, kt. 600169-0419, Ásvöllum 1, Hafnarfirði.

I. Inngangur

Þann 24. maí 2018 var skrifað undir viljayfirlýsingu á milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um byggingu knatthúss að Ásvöllum. Viljayfirlýsingin fylgir samkomulagi þessu.

Samkvæmt yfirlýsingunni skyldi skipa starfshóp um uppbyggingu á Ásvöllum. Það var gert á fundi bæjarráðs 30. ágúst 2018, erindisbréf var samþykkt á fundi bæjarráðs 16. ágúst 2018. Starfshópurinn skilaði skýrslu til bæjarráðs á fundi ráðsins 21. nóvember 2019. Í samræmi við ofangreinda viljayfirlýsingu munu Haukar afsala sér hluta lóðarinnar nr. 1 við Ásvelli sem þeim var úthlutað á fundi bæjarstjórnar 10. janúar 1989 til uppbyggingar íþróttastarfsemi.

Unnið hefur verið nýtt deiliskipulag á svæðinu. Í hinu nýja deiliskipulagi er skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð, þar sem gert er ráð fyrir 100 til 110 íbúðum. Hæð húsa verði um 2 – 5 hæðir. Bílakjallari verður undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og 60 bílastæði ofanjarðar. Þá er gert ráð fyrir að byggt verði fjölnota knatthús nyrst á lóðinni. Stærð knatthússins verði 9.900 m² og hæð verði 25m yfir miðju vallar, en 12m í hliðum. Gert er ráð fyrir 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

II. Samkomulag

Aðilar gera með sér eftirfarandi samkomulag um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum:

1. Bæjarráð skal skipa í sérstaka framkvæmdanefnd, þrjú fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ og tvo fulltrúa sem tilnefndir eru frá Knattspyrnufélaginu Haukum. Skal bæjarráð gera framkvæmdanefnd sérstakt erindisbréf.
2. Í skýrslu starfshóps um uppbyggingu á Ásvöllum er sett fram tillaga að gerð knatthúss og áfangaskiptingu sem og fjármögnun verkefnisins. Samkomulag er um að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga verkefnisins samhliða því að lóðum á Ásvöllum verði úthlutað.
3. Aðilar eru sammála um að hefja þegar undirbúning að hönnun og öðrum nauðsynlegum verkþáttum er varðar byggingu knatthúss. Skal jafnframt horft til þess möguleika að byggingarframkvæmdum verði hraðað ef hagstæðir samningar nást þar um.



HAFNARFJÖRÐUR

4. Tekjur af innheimtum lóðaverðum (gatnagerðargjald+byggingarréttargjald) vegna hinnar nýju íbúðabyggðar á Ásvöllum verði nýttar til uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum.
5. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að fjármagna verkefnið að öðru leyti. Ákvörðun um fjármagn til verkefnisins er tekin af bæjarstjórn í fjárhagsáætlun hvers árs og eða við breytingu fjárhagsáætlunar þess árs.

Við undirritun samkomulags þessa verður skipuð framkvæmdanefnd um uppbygginguna.

Hafnarfirði, _____

f. h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka

Vottar að réttri dagsetningu
fjárræði og undirskrift aðila:
